

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 2-2017

Tími: Fimmtudagur 23. febrúar 2017 á Keldnaholti og í síma kl. 10:00

Mætt: Björn Þorsteinsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir og Margrét Gísladóttir á Keldnaholti, Bjarni Stefánsson, Hilmar Janusson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir í símanum. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Dagskrá fundar

Samþykkt.

2. Almennar upplýsingar úr skólastarfinu

Rekstraráætlun 2017 fyrir Lbhí var samþykkt af ráðuneytinu fyrir árið 2017 með pósti dagsettum 6. febrúar 2017.

Breytingar í mannahaldi framundan – tveir akademískir starfsmenn fara í hálf starf (95 ára regla) um mitt ár. Starfsmaður á rekstrarsviði fer í fæðingarorlof, annar í launalaust leyfi í eitt ár og endurskipuleggja þarf alþjóðamál og utanumhald um þau málefni vegna starfsloka. Auðlinda- og umhverfisdeild er að ræða áherslu ráðningar nýrra starfsmanna í stað þeirra sem eru að hætta. Þá þarf að ræða kennara í búfræði og taka þarf ákvörðun um framtíð Mið-Fossa í rekstri skólans þar sem samningar um leigu jarðar og aðstöðu eru að renna út. Rætt var að kanna þyrfti kosti þess að byggja reiðhöll og hesthús á Hvanneyri og bera saman við leigukostnaðinn á Mið-Fossum, slíkt gæti hugsanlega borgað sig til lengri tíma. Leigumál eru til skoðunar á Keldnaholti og endurskipulagning húsnæðis þar. Heimsókn Ríkiseigna framkvæmdasýslu og ráðuneytis á Reyki vegna fjárveitingar þangað markar upphaf að endurnýjun og viðhaldi á húsakosti skólastaðarins. Tölvumál Lbhí eru í endurskoðun og ýmsar aðrar aðgerðir vegna endurnýjunar innviða. Meðal annars hefur verið kallað eftir hugmyndum frá deildum til að styrkja innviði skólans.

Landgræðsluskólinn hefur fengið 40 m.kr. aukaframlag á fjárlögum ársins 2017 sem gerir skólanum kleift að auka fjölda nemenda, auk þess sem skólinn hefur fengið 13 m.kr. á ári, ráðgert til þriggja ára frá 2016 vegna verkefna tengdum loftslagsbreytingum. Landgræðsluskólinn fær 128,1 m.kr. alls á árinu og er aukning fjármuna hugsuð til að auka og efla starf hans innanlands sem utan og gera honum kleift að efla stofnanagetu sína og getu til sjálfsfjármögnunar og sjálfbærni.

3. Siðanefnd -tilnefningar sem borist hafa

Siðfræðingar: Henry Alexander Henrysson, Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal, Jón Ásgeir Kalmansson, Jón Ólafsson

Háskólamenn: Daði Már Kristófersson, Snæbjörn Pálsson, Eva Benediktsdóttir, Sigurður Snorrason, Gísli Már Gíslason, Skúli Skúlason, Helgi Thorarensen

Lögfræðingar: Trausti Fannar Valsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigurður Tómas Magnússon, Þórdís Ingadóttir, Kristín Auðunsdóttir, Elín Blöndal, Kristín Benediktsdóttir.

Hafa skal í huga reglu um jafna stöðu kynja í nefndum og ráðum hjá ríkinu. Rætt var um verkefni siðanefndar og er ljóst að í fyrstu verður meginverkefni nefndarinnar að fara í að móta siðareglur fyrir skólann.

Niðurstaða umræðna um hugsanlega fulltrúa:

Lögfræðingur: Elín Blöndal, Kristín Benediktsdóttir til vara

Siðfræðingur: Jón Ásgeir Kalmansson, Jón Ólafsson til vara

Háskólamenn: Daði Már Kristófersson, Eva Benediktsdóttir og Sigurður Snorrason til vara

Rektor falið að ræða við viðkomandi einstaklinga.

4. Verkefni starfshóps um eflingu LBHÍ

Starfshópurinn hefur fundað fjórum sinnum og farið yfir stöðu verkefna innan skólans í kjölfar starfsmannafundar í janúar. Ýmis skref hafa verið tekin til að bæta samskipti og vinnuanda innan skólans. Hilmar var falið að vera í samskiptum við ráðuneytið vegna ráðningar rektors. Innan ráðuneytis er verið að skoða ýmsa möguleika um tilgang og hlutverk skólans og vilji er til að ræða við lykilhagsmunaaðila, áður en auglýsing fer í loftið. Háskólaráð fer með forræði í þessu máli og mun háskólaráð í heild sinni væntanlega taka þátt í því samtali. Rætt hefur verið að menntamálaráðuneytið muni kalla til aðila sem tengjast breiðu fræðasviði skólans, meðal annars úr umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Háskólaráð mun senda út auglýsingu eftir rektor sem fyrst eftir að undirbúningsvinna hefur farið fram.

Stefnt er að starfsmannafundum í byrjun mars á hverri starfsstöð þar sem farið verður yfir stöðu verkefna og vinnu starfshóps háskólaráðs.

5. Reglur um meistara- og doktorsnám (sjá fylgiskjöl) lagðar fram frá Auðlinda- og umhverfisdeild ásamt greinargerð

Reglurnar hafa verið sendar til ráðsmanna til yfirlstrar. Háskólaráð mun nú fara yfir reglurnar og verða þær teknar til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi.

6. Fundargerð var samþykkt í lok fundar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.